



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 20. febrúar 2015.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994 með síðari breytingum (auglýsingar). Þingskjal 605 – 408. mál.

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) hefur engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið, en vill sterklega koma eftirfarandi á framfæri:

1.

Tekið er undir þá skoðun Lyfjastofnunar sem kemur fram í athugasemdum við frumvarpið „að heildarendurskoðun á reglum um lyfjaauglýsingar sé tímabær“. Einnig er þess getið að „bannið (sé) ekki í samræmi við það sem almennt gildir í nágrannalöndum“. Enn fremur skal bent á að í 1. málsg. 16. greinar laganna núna segir: „Auglýsingar um lausasölulyf skulu vera í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins sem nánar er getið í reglugerð“. Það er sú reglugerð sem brýnt er að endurskoða.

2.

Skorað er á Alþingi að hugleiða þann möguleika að greina betur á milli auglýsinga á lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum. Í 13. grein laganna segir: „Bannaðar eru hvers konar lyfjaauglýsingar með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.“ M.ö.o. er bann meginreglan, sem síðan hefur undantekningar. Aðgreiningin gæti verið sú að bann með undantekningum gildi gagnvart lyfseðilsskyldum lyfjum (hliðstætt því sem nú er) en leyft verði að auglýsa lausasölulyf með ströngum skilyrðum.

Verði slík leið valin þyrfti að tryggja ótvírætt umboð Lyfjastofnunar til eftirlits með auglýsingum lausasölulyfja og vöru sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf (t.d. vítamín, hvers kyns fæðubótarefni o. fl.), sbr. nógildandi ákvæði í lyfjalögum. Umboðinu þyrftu að fylgja afdráttarlaus úrræði til viðurlaga, líkt og tíðkast á Evrópska efnahagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Jens Loftsson
Formaður LFÍ